

Ágrip

Í þessari ritgerð er heimsborgarahyggja rannsökuð bæði sögulega og með því að skoða tvö dæmi frá heimspekingum í nútímanum. Heimsborgarahyggjan er rakin frá Díógenes hundingja og fram til nútímans. Síðan eru skoðuð rök Johns Mandles fyrir því að réttlæti krefjist þess að tiltekin lágmarks skilyrði séu uppfyllt og rök Simons Caney fyrir því að það sé ekki nægilegt. Athyglinni er beint að notkun jafnaðarhugtaksins í heimsborgarahyggjunni og greint á milli inntaks jafnaðarhugtaksins og forsendna þess. Leitast er við að leiða rök að því að lágmarksskilyrðin nægi til að kröfum réttlætisins sé fullnægt.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Efnisyfirlit	2
1. kafli Inngangur	3
2. kafli Heimsborgarahyggja: Sögulegt yfirlit	4
3. kafli Réttlæti í dreifingu heima og heiman	14
4. kafli Heimsborgarahyggja og réttlæti	22
5. kafli Samantekt og niðurstöður	29
Heimildir	31

1. kafli Inngangur

Fátækt og ójöfnuður blasa við í öllum fréttum. Þetta veldur hjá mér sektarkennd yfir hlutskipti mínu sem borgari í vestrænu þjóðfélagi með öllum þeim kostum sem því fylgja. Þessi sektarkennd veldur því að ég leita að ástæðum fyrir núverandi heimsskipan. Raunin er sú að ástæður fyrir henni eru margvíslegar. En hvernig er hægt að breyta núverandi ástandi? Eins og með allt annað er byrjunin ætíð sú að tala um hlutina og reyna að færa rök fyrir máli sínu. Leitin að góðum rökum fyrir breyttri heimsmynd fer með mann að ströndum heimsborgarahyggju. Þróun og breytingar í heiminum hafa aukið áhuga á heimsborgarahyggju og skrif um hana virðast hafa aukist verulega síðustu 20-30 ár en þar skiptir sennilega mestu máli breytt heimsmynd með yfirþjóðlegum eða hnattrænum stofnunum eins og Alþjóða glæpadómstólnum, ríkjasambönd eins og Evrópusambandið og aukning á samskiptum milli manneskja með tilkomu internetsins.

Það fyrsta sem ég tók eftir þegar ég fór að lesa um heimsborgarahyggju var undirliggjandi hugmynd um jöfnuð milli manna. Sú hugmynd hefur ákveðinn togkraft en um leið er augljóst að það er ansi margt ólíkt með mönnum, við erum söm en þó ekki. Heimsborgarahyggja er á endanum kenning um réttlæti og hvernig koma má á réttlátri skipan milli allra manna í heiminum. Jafnaðarhugtakið er mikilvægt í henni en það er vandmeðfarið og fræðimennirnir sem ég fjalla um í þessari ritgerð hafa mismunandi hugmyndir um það.

Í þessari ritgerð reyni ég að varpa ljósi á hvernig hugmyndir manna um heimsborgarahyggju voru í byrjun og hvernig þær hafa breyst og þróast. Í seinni hluta ritgerðarinnar er svo fjallað um nútímahugmyndir í heimsborgarahyggju en þar eru lykilhugtökin réttlæti og jöfnuður og tengslin þar á milli. Þar beini ég sjónum mínum að greinum tveggja fræðimanna á þessu sviði, Simon Caney og Jon Mandle, fer yfir þeirra röksemdir þeirra og reyni að varpa ljósi á þær og gagnrýna og þá

sérstaklega hugmyndina um jöfnuð sem er alltaf undirliggjandi í allri umræðu um heimsborgarahyggju

Í öðrum kafla þessarar ritgerðar fer er sögulegt yfirlit yfir hugmyndir um heimsborgarahyggju. Vísi að slíkum hugmyndum má finna fyrir fæðingu Krists hjá Forn-Grikkjum og svo meira en 2000 árum seinna hjá t.d. Immanuel Kant. Í þriðja kaflanum fjalla ég um grein Jon Mandle, *Distributive Justice at Home and Abroad*. Í þeim fjórða er fjallað um grein eftir Simon Caney, *Cosmopolitanism and Justice*. Að lokum er svo samantekt í 5. kafla á efni ritgerðarinnar og þar er líka fjallað nánar um hugmyndir og Mandle og Caney með áherslu á jafnaðarhugtakið.

2. kafli

Heimborgarahyggja: Sögulegt yfirlit

Nánast allir íbúar jarðarinnar hafa ríkisfang, þeir eru ríkisborgarar tiltekinna landa. Samband hvers einstaklings við eigið ríki er grundvallaratriði í lífi allra manna í nútímanum enda tryggir það að einstaklingurinn njóti ákveðinnar verndar þar sem öflugasta stofnun samtímans, ríkið, lýsir yfir að hann sé borgari þess. Þeir sem eru ríkisfangslausir í nútímanum eru í verulegum vandræðum og eiga í raun hvergi höfði sínu að halla. Þeir eru útlagar samtímans, alls staðar úthýst og eiga ekki kröfu á neina stofnun sem er reiðubúin að vernda lágmarkshagsmuni þeirra. Í nútímanum eru alþjóðlegar og innanríkis-stofnanir einhver mikilvægasti mótandi hins félagslega veruleika. Það nægir ekki að ganga að því vísu að hver einstaklingur hafi tiltekin réttindi ef engin er stofnanaumgjörðin. Ef rætt er einungis um einstaklinga með réttindi þá er vísað til ríkis náttúrunnar eins og því er lýst hjá Locke (1632-1704)¹, Hobbes (1588-1679)² eða Rousseau (1712-1778)³. Það fer ekkert á milli mála hjá Locke að í ríki náttúrunnar þarf hver og einn að framfylgja náttúrulögunum. Locke gerði sér grein fyrir að ríki náttúrunnar væri ekki raunverulegt ástand á sautjándu öldinni og það er heldur ekki raunverulegt ástand á þeirri tuttugustu og fyrstu nema fyrir þá ríkisfangslausu. Þeir eru eins og einstaklingarnir í ríki náttúrunnar hjá Locke, geta ekki treyst nokkrum öðrum en sjálfum sér til að framfylgja réttindum sínum. Þeir eru ekki í sömu aðstöðu og nánast allir aðrir sem geta treyst tilteknu ríkisvaldi til að tryggja lágmarkshagsmuni sína og koma upp stofnunum til að tryggja að samfélagssamningurinn haldi.

¹ Sjá Locke (1698/1986) bls. 46-56.

² Sjá Hobbes (1651/1968) bls. 183-201, kafla XIII og XIV.

³ Sjá Rousseau (1762/2004) bls. 60-77 og 81-82.

Hugmyndin um heimsborgarann byggir á því að allir menn á jörðinni tilheyri einu samfélagi, samfélagi manna, og skyldur þeirra og réttindi markist af því. Slík heimsborgarahyggja (cosmopolitanism) rekst á margan hátt á hefðbundnar hugmyndir í nútímanum um ríkisborgararann. Ríkisborgarinn tilheyrir ríki sínu en ekki einhverju heildarsamfélagi manna og hann er í réttarsambandi við sitt ríkisvald en ekki við almennt samfélag manna. Hvað merkir það þá að segjast tilheyra alheiminum, kosmos? Hvers konar samband getur verið um að ræða?

Fornöldin

Forn-Grikkinn Díógenes hundingi (412-323 f. Kr.) er oft nefndur þegar leitað er að uppruna heimsborgarahyggjunnar. Þegar hann var spurður um hvaðan hann væri sagðist hann vera „þegn alheimsins (kosmos) eða þegn hins skipulega heims“.⁴ Hann virðist hafa lýst þessu yfir til að koma því á framfæri að hann hefði engar sérstakar skyldur við heimaborg sína, Sinope, en það virðist ekki mögulegt að skilja þessi orð hans þannig að hann hefði einhverjar skyldur eða kvaðir við allsherjarríki. Þessi hugmynd Díógenesar, sem var lærisveinn Sókratesar (469-399 f. Kr.), var róttæk í Grikklandi til forna. Á þeim tíma höfðu menn skyldur fyrst og fremst við eigið borgríki, lög þess, siði og venjur en ekki við íbúa annarra borgríkja þótt grísk væru. Þeir sem tilheyrðu annarri menningu og töluðu annað tungumál en grísku voru barbarar, villimenn. Það var því allt annað en sjálfsagt að segjast vera þegn alheimsins. Það er ekki auðvelt að átta sig á hvað Díógenes átti nákvæmlega við með þessum orðum en kosmos var hinn skipulegi heimur, andstæður kaos, óreiðunni. Í honum ríktu lögmál sem allir voru seldir undir, hvort sem lögmálin voru um alheiminn sjálfan eða um mannfélagið. Grikkir gerðu mikinn mun á siðvenju og náttúru og ýmsir þeirra héldu því fram að náttúrulega væru menn líkir hver öðrum en siðvenjan skildi þá að af því hún væri breytileg og hefði djúp áhrif á líf hvers og eins. En það virðist mega skilja Díógenes þannig að hann héldi því fram að hann væri í einhverjum skilningi einn og samur öðrum mönnum hvar sem þeir

⁴ Sjá Kleingeld og Brown (2006) sjá hluta 1.1.

lifðu og hvað sem þeir hefðu fyrir stafni. Það virðist mega skilja sum orð Sókratesar með svipuðum hætti, hann lýsir því til dæmis að hann spyrji bæði Aþenumenn út úr og aðkomumenn í *Varnarræðunni*⁵ og leggur ekkert upp úr mun þessara tveggja hópa.

Alexander mikli hafði mikil áhrif á stjórnsmál í Grikklandi til forna með því að sameina allt Grikkland og stofna til heimsveldis Grikkja. Sameinað Grikkland breytti hinni félagslegu veröld Grikkja og þeir þurftu að hugsa í stærri einingum en þeir höfðu áður gert. Þessar aðstæður ýttu undir heimsborgarahyggju. Sömuleiðis þá varð tilkoma Rómarríkis sem allsherjarríkis sem náði yfir allan hinn þekkta heim Evrópumanna til þess að hugmyndir um heimsborgarahyggju áttu greiðan aðgang að hugsuðum fornaldar á tímum Hellenismans og á tímum Rómverja.

Stóumenn voru helstu hugmyndasmiðir heimsborgarahyggjunnar frá því um 300 f. Kr. og vel fram yfir Kristsburð. Kenningar þeirra breiddust út víða sem gerðist aldrei með kenningar platónistanna í Akadémíunni, skólanum sem Platón (427-347 f. Kr.) stofnaði. Í augum Stóumanna er hinn skipulegi heimur (cosmos) fyrirmyndar borgríki (polis). Fullkomið skipulag kemst á í borgríkinu ef rétt skynsemi nær að setja borgurunum lög og þeir sem lifa samkvæmt þeim lögum sem eru einnig lög alheimsins, eru heimsborgarar (kosmopolites). Margir hugsuðir Rómverja voru Stóuspekingar, til dæmis Cíceró (106-43 f. Kr.), Seneka (4 f. Kr.-65 e. Kr.), þrællinn Epiktetos (50-138 e. Kr.) og keisarinn Markús Árelíus (121-180 e. Kr.). Þeir töldu að allir menn væru heimsborgarar, þegnar hins skipulega heims, í krafti skynsemi sinnar. Það er ekkert rúm til að rekja hugmyndir Stóumanna frekar en næst verður að líta á hugmyndir nýaldarmanna.

Nýöldin

Hugmyndir um mannréttindi mótaðar á upplýsingatímanum verða mikilvægar grunnstoðir í heimsborgarahyggju. Samkvæmt Kant (1724-1804) eru allar skynsamur verur meðlimir í einu,

⁵ Sjá Platón (1973), bls. 40.

siðuðu þjóðfélagi, ríki skynseminnar.⁶ Eins og venjulegir ríkisborgarar hafa þær frelsi, jöfnuð og sjálfstæði og setja sér lög en almennar hefðir og venjur eru siðalögmál og grundvöllur þeirra er skynsemin. Þannig er skynsemin grundvöllur siðaðrar heimborgarahyggju en fleiri eiginleikar manneskja voru notaðir sem grundvöllur, t.d. sá eiginleiki að geta upplifað sælu eða sársauka. Siðuð heimborgarahyggja felur þá í sér að allir menn séu bræður og er þá augljóst mótvægi gegn þrælahaldi og nýlendustefnu.

Frakki að nafni Anacharsis Cloots (1755-1794) mælti með að leggja skyldi niður öll hefðbundin ríki og stofnað skyldi eitt heimsríki sem allir menn heimsins yrðu þegnar í. Rök hans voru þau að fyrst að það sé almannahagur að beygja sig undir ríkisvald sem setur lög öllum til hagsbóta og öryggis þá hlýtur slík röksemd miklu frekar að eiga við hnattrænt og þar með vera réttlætning fyrir ‚heimsríki sameinaðra einstaklinga‘ frekar en fyrir mörgum ríkjum sem í sínu náttúrulega ástandi keppa við hvort við annað. Hann gerir auk þess ráð að fullveldið sé í höndum fólksins og fullveldi geti ekki verið margskipt, því hljóti það að leiða til eins fullvalda heimsríkis alls mannkyns.⁷

Kant gekk ekki svona langt. Samkvæmt honum getur sannur heimsfriður ekki orðið nema með samvinnu þjóðanna, þar sem ríkir lýðræðislegt stjórnarfar innan hvers ríkis og á milli ríkja sé samvinna til að halda friðinn, aukinheldur þurfa ríkin að virða mannréttindi allra, ekki eingöngu sinna þegna heldur líka útlendinga. Þetta samfélag ríkja ætti ekki að hafa hervald þar sem slíkt gæti brotið á fullveldi hvers ríkis fyrir sig og verið ógnun við einstaklingsfrelsi innan ríkjanna ef ríkjasamfélagið virti ekki öll mannréttindi sem hin einstöku ríki virtu. Slíkt hervald myndi draga úr áhuga ríkjanna á að vera með í slíku ríkjasamfélagi. Kant kom með hugmynd um heimsborgaralög, ólík ríkjalögum og alþjóðarétti. Hugmyndin hafði verið sú að einungis ríki ættu aðild að alþjóðarétti en Kant lét sér detta í hug að einstaklingar hefðu réttindi samkvæmt slíkum lögum sem borgarar

⁶ Sjá Kant (1782/2003)

⁷ Kleingeld og Brown (2006) hluti 1.2.

jarðarinnar frekar en borgarar ákveðinna ríkja. Þessi hugsun Kants hefur þróast áfram og það má benda á Alþjóða stríðsglæpadómstólinn sem dæmi um heimborgaralög þar sem einstaklingar hafa réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðlegum lögum og geta því verið sóttir til saka ef þeir brjóta slík lög, óháð lögum innan hinna fullvalda ríkja.

Til viðbótar við siðvædda og pólitíska heimsborgarahyggju er svo heimsborgarahyggja sem er grundvölluð í hagfræði hins frjálsa markaðar og kemur fram hjá Adam Smith (1723-1790). Smith andmælti kaupauðgisstefnu og taldi að ef hömlum eins og innflutningstollum yrði aflétt alls staðar og til yrði einn heimsmarkaður myndi það bæta hag allra. Ef ríki gætu flutt út vörur sem er hagstætt að framleiða innan þeirra landamæra án nokkurra hamla myndi það verða þeim til góðs, þannig myndu þau hagnast og geta flutt inn vörur sem þau vantaði eða væri óhagkvæmt að framleiða heima fyrir.⁸

Karl Marx (1818-1883) og Friedrich Engels (1820-1895) voru andstæðingar heimsborgarahyggju sem þeir töldu vera hugmyndafræðilega speglun á hnattrænum kapítalisma sem bryti niður ríkjakerfið og héldi verkalýðnum niðri í eynd. Þrátt fyrir þetta þá litu þeir svo á að verkalýðurinn hefði sameiginlega hagsmuni og hann þyrfti að sameinast á heimsvísu til að ná þeim fram. Það og hugmyndir þeirra um stéttlaust þjóðfélag og að ríkið myndi smátt og smátt deyja út eftir byltingu er hægt að kalla heimsborgarahyggju þó að Marx og Engels myndu tæplega samþykkja það.⁹

Nútíminn

Heimsborgarahyggja var lengst af tuttugustu öldinni ekki mikið rædd í fræðiritum heimspekinga. En á síðustu árum hefur hún orðið æ meira áberandi. Algengust er siðferðileg heimsborgarahyggja sem kveður t.d. á um skylduna til að hjálpa útlendingum sem líða þjáningar og

⁸ Kleingeld og Brown (2006) hluti 1.2.

⁹ Kleingeld og Brown (2006) hluti 1.3.

hungur eða að virða þurfi ákveðin lágmarksmannréttindi og réttlæti alls staðar í heiminum.

Ágreiningur getur verið um hversu strangar skyldur eru hér á ferðinni, er t.d. skylda mín til að hjálpa nágranna mínum meiri en skyldan til að hjálpa manni hinum megin á hnettinum. Hörð heimborgarahyggja eins og kemur t.d. fram hjá Peter Singer (f. 1946) prófessor við Princeton í Bandaríkjunum gerir engan greinarmun á þessum tveimur skyldum. Að dómi Singers er með öllu óheimilt að gera upp á milli manna út frá staðsetningu þeirra eða ríkisfangi. Þessi skoðun er hluti af nytjastefnunni en það er ein forsenda hennar að ánægja og sársauki allra manna skipti máli við mat á því hvað rétt er að gera.¹⁰ Í hófsamari kenningum er viðurkennd skylda til að hjálpa mönnum í neyð alls staðar en hún er ekki jafn rík og skyldan til að hjálpa nágrönnum og meðborgurum. Það er heimilt að taka hagsmuni meðborgara fram yfir hagsmuni þeirra sem búa í öðrum ríkjum eða eru fjarlægari. Þeir sem afneita svo heimsborgarahyggju með öllu færa rök fyrir því að skyldan um að hjálpa þeim sem standa okkur næst komi í veg fyrir að við getum sinnt skyldum gagnvart öllum mönnum og því sé ekki hægt að láta þær vega í mati á því hvað rétt er að gera.

Pólitísk heimsborgarahyggja fjallar um heimsskipanina. Sumir tala fyrir einu heimsríki á meðan aðrir vilja e-s konar heimsyfirvald með takmörkuð völd á meðan ríkin halda einhverjum völdum, enn aðrir vilja eingöngu að ákveðnar stofnanir hafi hnattrænt yfirvald í ákveðnum takmörkuðum málum, t.d. eins og Alþjóðlegi stríðglæpadómstóllinn.

Hagfræðileg heimsborgarahyggja snýr að hnattrænum, frjálsum markaði en á fleiri fylgjendum meðal hagfræðinga en heimspekinga.

Ýmis álitaefti eru uppi í umræðum um heimsborgarahyggju. Mörgum hugnast illa hugmynd um eitt heimsríki og hafa áhyggjur af því að slíkt ríki gæti orðið harðstjórnarríki og þá væri ekkert annað ríki til til að koma harðstjórninni frá, John Rawls (1921-2002) hefur til dæmis bent á þetta.¹¹ Aðrir taka fram að til að komast úr ríki náttúrunnar í alþjóðaréttinum verði að koma á heimsríki eða

¹⁰ Mill, J.S. bls. 111 og 121-125.

¹¹ Rawls (1999)

alla vega ríkjasambandi, annars verði réttlæti í dreifingu lífsgæðanna ómögulegt. Enn aðrir benda á að mannréttindum yrði best borgið með dreifingu á fullveldinu frekar en með einu alræðisríki þannig að friði, réttlæti, lýðræði og umhverfinu yrði betur borgið með mörgum pólitískum stofnunum sem fólk yrði hliðhollt án þess að nein ein stofnun yrði ráðandi, þannig tækju alþjóðlegar stofnanirnar að sér hlutverk ríkjanna.

Margir telja hagfræðilega heimborgarahyggju og hugmyndina um frjálsan heimsmarkað fela í sér hnattrænt umhverfisslys sem gæti endað líf allra manna þar sem slíkur markaður ýti undir neyslu sem nú þegar er allt of mikil og rányrkju á jörðinni. Önnur gagnrýni er að lýðræði á hnattrænum markaði sé veikt þar sem alþjóðleg stórfyrirtæki geti sett kröfur á ríki sem hafi ekki efnahagslegt bolmagn til að neita, t.d. kröfur um engar reglur um aðbúnað verkafólks. Önnur gagnrýnisatriði eru að frjáls markaður ýtir undir mikla fólksflutninga vegna þess að hann leitar einungis ódýrustu leiðanna til að framleiða. Störf geta horfið á ákveðnum svæðum og fólk þarf að flytjast búferlum í leit að vinnu.

Hörð siðferðileg heimsborgarahyggja hefur fengið á sig þá gagnrýni að allir menn hafi sterkari tengsl við fólk af sama þjóðerni og tilraunir til að þynna slík tengsl út og gera þau jöfn tengslum við alla menn muni brjóta niður sjálfsmynd og tilfinningalíf einstaklinga. Öllum virðist eiginlegt líta á sjálfan sig sem einstakling í þjóðfélagi sem hafi tengsl við aðra með svipaða stöðu. Þetta séu grunnatriði sjálfsmyndar hvers og eins og hana megi ekki brjóta niður. En það sé gert með því að krefjast sama viðhorfs til allra manna hvar sem þeir lifa og starfa.

Hógværi útfærslur heimsborgarahyggjunnar lenda ekki í þessum vanda. Í þeim er því eingöngu haldið fram að það séu og eigi að vera til staðar ákveðin samkennd milli allra manna sem útilokar hins vegar alls ekki að þessi samkenndi geti og jafnvel eigi að vera meiri milli manna sem lifa í sama samfélagi. Sumir talsmenn heimsborgarahyggju halda því fram að samkennd milli nákominna og þeirra sem lifa í sama samfélagi sé skref í átt að heimsborgarahyggju, þegar einstaklingar þroskast útvíkka þeir samkennd sína með öðrum mönnum, sem byrjar með tengslum

við þá sem sjá um þá í bernsku og endar með mannkyninu í heild. Þessi tvenns konar tengsl þurfa ekki að vera í samkeppni. Alveg eins og tengsl manns við fjölskyldu sína þurfa ekki að stríða gegn samkennd manns við aðra ríkisborgara tiltekins ríkis þurfa tengsl manns við aðra ríkisborgara ekki að stríða gegn samkennd manna við alla aðra menn.

Önnur rök gegn harðri heimsborgarahyggju eru þau að hún virðir að vettugi tengsl sem byggja á gagnkvæmum skyldum. Hugmyndin er sú að við höfum við sérstakar skyldur við þá sem gera eitthvað fyrir okkur um að gjalda þeim fyrir góðmennskuna. Meðborgarar okkar gera margvíslega hluti mögulega fyrir okkur og okkur ber að gera það sama fyrir þá. Svar harðrar heimsborgarahyggju við þessu er að greina á milli ríkis og samborgara. Ríkið gæti átt inni hjá borgurunum t.d. hlýðni og samvinnu og þessir hlutir eru í raun til hagsbóta fyrir samborgarana. En maður skuldar ekki ríkinu þessa hluti sökum þess að maður skuldar samborgurum sínum eitthvað. Þakklæti til ríkisins er ekki sýnt með því að gefa meira til innanríkisgóðgerðarmála en til góðgerðarmála erlendis vegna þess að slíkt slíku þakklæti er ekki beint til réttis aðila.

Jöfnuður

Athyglisverðasta hugmyndin í heimsborgarahyggjunni virðist mér vera jöfnuðurinn. Jöfnuður hefur verið áhrifamikill í hugsun manna um stjórnámál síðustu aldirnar og sérstaklega frá frönsku stjórnarbyltingunni 1789. Aðrar hugmyndir hafa ekki haft síðri áhrif, hugmyndir á borð við þjóðina, þjóðerniskenndina og frelsið. En jöfnuðurinn hefur átt undir högg að sækja síðustu þrjá áratuginna enda hefur reynst erfitt að festa hendur á nákvæmlega hvað felst í honum og á hverju hann byggir.

Það er eftirtektarvert að alveg frá Díógenes hundingja og fram til heimsborgarahyggju okkar daga þá er grunnhugmyndin sú að við hvert og eitt okkar séum lík eða söm. Yfirlýsingin um að vera þegn hins skipulega heims og hafa því skyldur við aðra en þegna eigin borgríkis þýðir að þegnar annarra borgríkja séu á sama báti og við, séu í sömu eða sambærilegri aðstöðu. Þeir eru augljóslega

manneskjur eins og við. Þessi setning getur þýtt að þeir séu sömu dýrategundar og við og við höfum sömu náttúru eins og Grikkir til forna hefðu flokkað þetta. En deilum við þá sömu eða sambærilegum siðvenjum? Því verðum við að svara neitandi eins og Grikkir gerðu en það útilokar ekki að við getum komið auga á hvað sameinar fremur en hvað greinir á milli. Það er alveg ljóst að hver og einn er skyni gæddur og ef við erum heilbrigð þá erum við líka gædd skynsemi eins og Rómverjarnir héldu fram. Því má bæta við að við erum líka öll gædd tilfinningum og í sameiningu gera þær og skynsemin okkur að manneskjum. Á þessu má byggja þá staðhæfingu að við séum öll þegnar hins skipulega heims.

En það verður líka að spyrja hverjar eru skyldur okkar þá hvert við annað? Það er alls ekki sjálfgefið hverjar þær eru jafnvel þótt fallist sé á að við séum öll sömu eða sambærilegu þegnarnir. Í næstu tveimur köflum mun ég líta á tvö dæmi um nútíma heimsborgarahyggju og reyna að draga einhverjar ályktanir um þá jafnaðarhugmynd sem unnið er með og reyna að meta hvort hún er réttlæt看leg.

3. kafli Réttlæti í dreifingu heima og að heiman.

Í fyrri kafla kom fram að heimsborgarahyggjan hefur sögulega gengið út á að allir menn óháð samfélögum séu sambærilegir og eigi skyldur hver við annan. Í nútímanum hefur það svo gerst að einstaklingar hafa öðlast aðild að þjóðarrétti í sumum málum og er Alþjóða glæpadómstóllinn dæmi um það. Ein spurning sem heimspekingar samtímans hafa glímt við er hvort réttlæti í dreifingu lífsgæða sem gildir innan ríkis eigi líka við hnattrænt. Einnig hefur verið spurt: Eiga rökin fyrir grundvallarreglum frjálslyndrar jafnaðarstefnu innan ríkis við hnattrænt?

Við þessu eru margvísleg svör. Sumir telja að slík rök eigi við hnattrænt þar sem rökin varði einstaklinga og að það beri að virða þá sem slíka óháð samfélögum. Ef einstaklingum væri mismunað á grundvelli ríkisfangs væri það eins og mismuna þeim á grundvelli kynferðis eða litarháttar. Aðrir telja að reglur um jöfnuð eigi eingöngu við í ákveðnum sérstökum aðstæðum sem eru þá yfirleitt skilgreind af stofnunum.

Skipan mála í heiminum, þar sem sumir búa við mikla fátækt, er óréttlát. Flestir gætu samþykkt þessa setningu en á mismunandi forsendum. Sumir telja jafna dreifingu gæða hnattrænt réttláta og að núverandi dreifing sé óréttlát. Aðrir benda á að mikil fátækt gerir fólki ókleift að lifa við ákveðin lágmarks skilyrði og að hnattrænn ójöfnuður sé til marks um tækifæri til að útrýma gríðarlegri fátækt því að gæðin séu til staðar en þeim þurfi að vera réttlátar dreift. En ójöfnuðurinn sjálfur væri ekki óréttlátur ef allir gætu lifað við ákveðin lágmarks skilyrði.

John Mandle heimspekingur hefur fjallað um þessar spurningar og mun ég fjalla um skoðanir hans og röksemdir í þessum kafla.¹²

¹² Mandle (2010) bls. 408-422.

Réttlæti heimsins

Mandle leiðir rök að því að það séu tvenns konar réttlætisskyldur: Virðing lágmarksmannréttinda og að enginn sé þvingaður undir vilja og ákvarðanir annarra persóna. Hann byrjar á að greina mannréttindin. Mannréttindi skapa jákvæðar og neikvæðar skyldur sem hafa verið nefndar taumhaldsskyldur og verknaðarskyldur á íslensku, t.d. ber okkur skilyrðislaust stilla okkur um að svipta aðra lífinu og sú skylda hvílir á öllum að hjálpa öðrum í neyð. Á sama hátt verður fólk að viðurkenna að ef það er réttur allra manna að hafa aðgang að nauðsynjum sem sjá til þess að lágmarks lífsskilyrði séu uppfyllt þá höfum við einnig þá skyldu að neita fólki ekki um aðgang að slíkum nauðsynjum. Það merkir í raun að okkur sé skylt að aðstoða aðra til að fá aðgang að slíkum nauðsynjum. Það er öllum ljóst að það gerist oft að íbúar fátækra ríkja fá ekki aðgang að lífsnauðsynjum og því er ljóst að þegar auðugra ríkja uppfylla þessar skyldur sínar ekki alltaf. Það er ranglæti en í því felst ekki skuldbinding um að dreifing lífsgæðanna þurfi að vera umfram það að tryggja ákveðin lágmarks lífsskilyrði. Ef grundvallarmannréttindi eru tryggð þannig að fólk geti lifað við ákveðin lágmarks skilyrði þá brýtur efnahagslegur ójöfnuður umfram það ekki á mannréttindum fólks. Rök Mandles fyrir þessu eru þau að réttlætisskyldan krefur okkur einungis um að uppfylla ákveðið lágmark en hún krefst þess ekki að allir búi við sömu kjör. Þetta er í sem allra stystu máli skoðun Mandles.

Þessari greiningu Mandles má andmæla með því nota hugmynd Rawls um að önnur grunnregla réttlætisins sé að allir hafi sömu tækifærin og munur í kjörum fólks verður að þjóna hagsmunum þeirra sem verst eru staddir. Kerfi Rawls í heild er hugsað fyrir grunngerð hefðbundinna ríkja en það má útfæra það fyrir heiminn í heild og þá kveður það á um sömu tækifæri allra en stýra þarf því að munur á kjörum samfélaga verði ekki of mikill og þjóni hagsmunum þeirra sem verst eru staddir. Sú skoðun að allir hafi sömu tækifæri byggist á

hugmyndinni um jafna virðingu einstaklinganna og hún á við hnattrænt um alla einstaklinga en ekki eingöngu við borgara innan ákveðinna ríkja. Ef skuldbinding við jafna virðingu knýr meginreglur Rawls um jöfnuð innan ríkis þá gerir hún það einnig hnattrænt.

G.A. Cohen sem var ekki einn af aðdáendum Rawls gagnrýndi réttlætiskerfi hans. Hann segir að réttlæti geti ekki verið eingöngu um ríkisskipað stofnanakerfi heldur einnig um hvernig fólk ákveður að haga sér innan þess kerfis. Það er óréttlæti í dreifingu þegar ójöfnuður gæða endurspeglar ekki mismunandi erfiði í vinnu fólks eða í tekjum fólks og frítíma heldur ráðist eingöngu af láni eða óláni í lífinu. Ef fólki ber skylda til að koma á stofnunum sem koma í veg fyrir áhrif tilviljana ber því ekki skylda til að koma í veg fyrir slík áhrif beint? En fólk á rétt á því að sinna eigin hugðarefnum að ákveðnum, skynsamlegum mörkum. Þannig geta önnur réttindi verið jafn mikilvæg eða mikilvægari en réttindi fólks til dreifiréttlætis og jafnaðar því þau eiga uppruna sinn í gildum sem skarast á við kröfur dreifiréttlætis. Þetta á líka við um hnattrænan jöfnuð.

Þessum andmælum við skoðun sína svarar Mandle með dæmi: Maður á pizza stað sem hann er búinn að leggja allt sitt í og gengur vel, hann er venjulegur millistéttarmaður. Annar millistéttarmaður vinnur sem endurskoðandi en ákveður að breyta til og opnar sushi stað rétt hjá pizza staðnum. Sushi staðurinn blómstrar og tekur viðskiptavinum frá pizza staðnum. Á endanum efnast eigandi sushi staðarins vel en pizzastaðurinn fer á hausinn og eigandi hans og fjölskylda bíða verulegt tjón en eiga engu að síður í sig og á og búa við viðunandi heilbrigðisþjónustu. Eigandi sushistaðarins hefur orðið valdur að ójöfnuði óháð því hversu duglegur pizzastaðareigandinn var eða hvaða ákvarðanir hann tók. Pizzastaðareigandinn var bara óheppinn. Hegðun sushistaðareigandans er réttlát, hann hafði ekki rangt við, en stofnanir geta ekki komið í veg fyrir slíka óheppni eins og pizzastaðareigandinn varð fyrir þrátt fyrir að markmið þeirra ættu að vera þau að minnka áhrif slíkra hendinga eins og mögulegt er. Ef fylgismenn jafnaðar vilja bæta mönnum upp fyrir aðstæður sem þeir hafa ekki kosið sér sjálfir né stuðlað að með neinum hætti þá virðist vera svo að pizzastaðareigandinn eigi rétt á bótum. En réttlætið virðist ekki krefjast bóta því að

enginn gerði neitt rangt. Reglur stofnana geta ekki komið í veg fyrir að persónulegar athafnir fólks skapi ójöfnuð nema með því að setja íþyngjandi reglur um persónulega hegðun þess. Talsmenn strangs jafnaðar eiga erfitt með að sætta sig við þetta og leggja áherslu á persónuleg réttindi og hlutverk stofnana en engu að síður verða þeir að gera málamiðlanir á réttlæti í dreifingu (ef það á ekki að verða of íþyngjandi) þegar það rekst á önnur gildi eins og sjálfsákvörðunarrétt manna. Þetta dæmi Mandles skýrir af hverju jöfnuðurinn krefst ekki sömu kjara fyrir alla, það getur beinlínis verið óréttlátt.¹³

Mandle telur að virðing fyrir grundvallarmannréttindum og frelsi frá þvingun annarra nægi til að tryggja réttlætið. Ójöfnuður þarf ekki að brjóta á grundvallarmannréttindum né heldur krefst hann þess að nokkur beygi sig undir vilja annarra. Pizzastaðareigandinn býr við skilyrði sem brjóta ekki grundvallarmannréttindi og hann hefur ekki verið þvingaður undir vilja sushistaðareigandans.

Pólitískur jöfnuður

Mandle skoðar greiningar Kants og Lockes á ríki náttúrunnar en sú hugmynd kemur einnig fram í ritum Hobbes¹⁴ og Rousseau. Tveir menn búa í ríki náttúrunnar utan við ramma stjórn mála og laga. Þeir rækta garðinn sinn hvor um sig og uppfylla allar sínar grunnþarfir. Það virðist ekki koma réttlæti neitt við hvort annar fær betri uppskeru en hinn. En segjum sem svo að annar vilji stela uppskeru hins. Locke svarar svona dæmi með því að gera ráð fyrir að hver og einn framfylgi náttúrulegunum með valdi í ríki náttúrunnar. En slíkt fyrirkomulag er líklegt til að leiða til ranglætis þar sem eiginhagsmunir réðu niðurstöðu mála enda stýrist hver og einn af þeim hagsmunum. Þess vegna er þörf á ríkisvaldi að áliti Lockes. Kant telur hins vegar að pólitískt ríkisvald sé nauðsynlegt af því að í ríki náttúrunnar eru reglurnar óákveðnar og það þarf að skýra þær og það gerist ekki nema rökstuddar ákvarðanir séu teknar. Þannig þarf ekki bara ríkisvald til að koma á og framfylgja

¹³ Mandle (2009) bls. 411.

¹⁴ Hobbes (1651/1968), sjá bls. 183-201, kafla XIII og XIV.

eignarétti heldur þarf að ríkisvald til að skilgreina hver þessi réttur er. Þegar reglur eru settar um hagkerfið þarf að vera hægt að rökstyðja þær fyrir öllum skynsömum manneskjum. Ef það er ekki hægt þá væri vilji þeirra sem eru ósáttir við kerfið þvingaður undir vilja þeirra sem fylgja því. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa réttlátt stjórnkerfi. Stjórnkerfið sjálft þarf að virða þessa reglu um bann við þvingun. Þá verður sú regla að kröfu um pólitískan jöfnuð. Ef stjórnkerfi einkennist ekki af pólitískum jöfnuði þar sem einstaklingar eru jafn rétt háir við ákvarðanir þá er verið að neyða uppá þá val annarra og það er nákvæmlega það sem reglan um bann við þvingun leyfir ekki. Sjónarmið Kants virðast styðja greiningu Mandles á réttlætinu.

Þessi pólitíski jöfnuður er ekki sami jöfnuður og jöfnuður efnahagslegra gæða. Ef stjórnkerfið er réttlátt væri þá ekki eðlilegt að það veldi sér ýmsar leiðir í efnahagslegri dreifingu gæða? Vissulega hafa þegnarnir mismunandi skoðanir á því hvaða leið sé best. En út frá hvaða sjónarhorni ætti þátttakandi í stjórnkerfinu að taka ákvörðun? Hann má ekki velja út frá eiginhagsmunum. Ef eiginhagsmunir ráða jafngildir það þvingun þar sem hagsmunum hans yrði hampað í hagkerfinu sem valið væri og því svo framfylgt með ríkisvaldi. Þá væri hann að þvinga aðra undir sinn vilja. Þátttakandi í stjórnkerfinu yrði að velja efnahagskerfi út frá meginreglum sem hægt er að réttlæta fyrir öllum skynsömum þegnum, ekki bara sumum. Rawls lagði til að menn ákveddu undir fávísisfeldi, slíkt myndi leiða til kerfis með jöfnum réttindum og með sanngjörnum og jöfnum tækifærum og mismunarlögmáli sem kæmi þeim verst settu til góða. Í öllu falli verður ætíð krafa um jöfnuð í allri grunngerð efnahagskerfis og ef ekki er hægt að réttlæta grunnreglur efnahagskerfisins fyrir öllum skynsömum þegnum þá brýtur það gegn reglunni um bann við þvingun. Þannig er t.d. ekki nóg að menn hafi jafnan rétt til að kjósa ef meirihlutinn velur sér efnahagskerfi sem hyglir hagsmunum sínum á kostnað minnihlutans. Löggjafinn þarf að reyna að finna hver er almennur vilji borgaranna.

Samkvæmt Kant er það réttlætið sjálft sem krefst þess að við komum okkur upp lögmætu stjórnkerfi til að koma í veg fyrir óréttlæti í eignakröfum. Þegar valið er efnahagskerfi þá felur

reglan um bann við þvingun í sér kröfu um jöfnuð í þeim skilningi sem að ofan greinir. En dreifiréttlæti er ekki eingöngu um að ná fram einhverri ákveðinni efnahagsleið, engin ein leið er réttari en önnur uppfylli hún þá kröfu að allar skynsamur manneskjur geti samþykkt hana. Réttlæti sem dreifiréttlæti þarf að felast í ferlinu sjálfu samkvæmt Rawls. Ef ferlið er réttlátt verður dreifingin réttlát. Mikil ójöfnuður í dreifingu efnahagslegra gæða gæti verið til marks um að það sé óréttlæti byggt inn í ferlið en ójöfnuðurinn sjálfur er ekki dæmi um óréttlæti.

Heimborgahyggjumenn binda sumir sínar kenningar um jöfnuð hnattrænum stofnunum. Rawls segir í *Kenningu um réttlæti (A Theory of Justice)*: „Grunngerðin er aðalviðfangsefni réttlætis vegna þess að áhrif hennar eru svo djúp og greinanleg alveg frá byrjun“.¹⁵ Cohen notar þessa tilvitnun til að færa rök fyrir jöfnuði ekki eingöngu í eða innan stofnana heldur einnig í athöfnum einstaklinga og fleiri hafa gert það, t.d. Darrel Moellendorf. En Mandle telur að það eitt og sér að hafa djúp áhrif á aðra sé ekki nægilegt skilyrði til að krafa um jöfnuð sé innifalin í dreifiréttlæti. Kerfi um dreifingu gæða verða að fela í sér jöfnuð vegna þess að annars brjóta þau regluna um bann við þvingun. Ef slíkt kerfi er til staðar brjóta athafnir einstaklinga ekki þessa reglu og réttlæti þarfnast ekki að dreifing gæða sé bundin við ákveðið form, hvort heldur sem það er innan ríkis eða hnattrænt og ójöfn dreifing gæða er ekki óréttlát, a.m.k. ekki í sjálfu sér. En krafan um lágmarksmannréttindi er bæði hnattræn og staðbundin.

Það er hægt að andmæla þessari staðhæfingu með því að benda á að hnattrænn ójöfnuður sem slíkur brýtur ekki gegn reglunni um þvingun og er því ekki óréttlátur, hann er ekki seldur undir þá kröfu að allar skynsamur manneskjur geti samþykkt hann. En með vaxandi alþjóðlegum viðskiptum og samskiptum rísa fleiri deilur milli ólíkra laga um eignarétt. Hvernig á að dæma ef tveir aðilar deila um alþjóðlegan samning? Þarf ekki hnattræn lög um eignarétt til að leysa úr því? Í ríki náttúrunnar er þvingun eins hóps á annan brot á reglunni um bann við þvingun. En þessi

¹⁵ Rawls (1972) bls. 7.

andmæli eiga ekki við því allir jarðarbúar búa við einhvers konar reglur um eignarétt, innan síns ríkis og alþjóðlega samninga.

Hnattvæðing hefur án efa aukið áhrif okkar hvert á annað þvert yfir landamæri og um leið aukast tækifæri fyrir sameiginleg verkefni til að ná fram áformum okkar og um leið hættan á því að óréttlæti aukist. En réttlætið sjálft þarfnast þess ekki að við hömpum kerfi um jafna dreifingu gæða hnattrænt, ekki frekar en við þörfumst þess í okkar daglega lífi. Það er hins vegar réttlætiskrafa að viðmið um jöfnuð séu notuð þegar við ákveðum og hönnum grunnstofnanir, bæði pólitískar og kerfi okkar um eignarétt. En krafan um jöfnuð á stofnanirnar er ekki leidd af því gildi að gæði eigi að dreifast jafnt. Siðferði þarfnast stofnana og því þurfa þær sjálfar að vera hannaðar með réttlæti og jöfnuð í huga samkvæmt Mandle.

Jöfnuður

Í þessum kafla er hugtakið jöfnuður lykilatriði. Það er náskyldt jafnaðarhugtakinu sem birtist í sögulegu yfirliti um heimsborgarahyggjuna í síðasta kafla. Þar var því haldið fram að skipta mætti inntaki hugtaksins í tvennt. Annars vegar gætum við talað um að allir menn væru gæddir tilfinningum, skyni og skynsemi og í þeim skilningi væru allir jafnir. En þar var líka bent á að hluti af jafnaðarhugtakinu vísaði til þeirra skyldna sem fylgdu því að vera manneskja. Spurningin var hve víðtækar þær væru. Í þessum kafla hefur komið fram ítarleg greining á því hve víðtækar þessar skyldur væru. Höfundurinn sem ég hef beint athyglinni að, John Mandle, hefur haldið því fram að skyldurnar næðu einungis til lágmarsskyldna sem eiga að tryggja það að allir, hvar sem er í veröldinni eigi möguleika á að lifa lífi sem skapaði þeim möguleika á að þroskast og dafna með því að tryggja að lágmarkspörfum sé fullnægt. Þá er átt við þarfir á borð við að halda lífinu, hafa fæði og húsnæði, hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu. Það ættu allir að gera sér ljóst að í hinu alþjóðlega samhengi þá eru hér settar fram ríkar kröfur vegna þess að stór hluti jarðarbúa býr ekki við þær aðstæður sem lýst var í setningunni á undan.

En það er skoðun höfundarins að sé þessu lágmarki fullnægt þá krefjist jöfnuðurinn ekki frekari aðgerða. Allur mismunur sem kemur fram að lágmarksskilyrðunum fullnægðum er réttlátur og brýtur ekki jafnaðarregluna. Ástæðan fyrir þessu er sú að ólík kjör fólks sem stafa af eðlilegum, lögmætum ákvörðunum einstaklinga, stofnana og fyrirtækja eru ekki mismunun og ranglæti. Dæmi Mandles af pizzufyrirtækinu og sushistaðnum leiðir í ljós að ólíkt hlutskipti fólks þarf ekki að vera ranglátt og það er marktæk reynsla fyrir því á tuttugustu öldinni að viðleitni yfirvalda til að tryggja jöfnuð í kjörum fólks leiðir til ranglætis.

En jafnaðarhugakið er svolítið flóknara eins og kemur fram hér í kaflanum. Pólitískur jöfnuður er nauðsynleg forsenda þess að opinberar ákvarðanir séu réttlátar og séu ekki ofbeldi, yfirgangur og þvingun. Ástæðan er sú að opinberar ákvarðanir, til dæmis um innviði og umgjörð efnahagslífsins, verða að uppfylla það skilyrði að allar sanngjarnar og skynsamur manneskjur gætu samþykkt þær fengju þær tækifæri til þess. Það á að tryggja að ekki sé verið að hygla eiginhagsmunum, að ekki sé gengið á hagsmuni eins hóps til að tryggja hagsmuni annars. En skilyrði þess að það ríki pólitískur jöfnuður er að allir hafi tækifæri til að hafa áhrif á opinberar ákvarðanir. Það merkir að opinbert vald verður að koma upplýsingum á framfæri við almenning, að búa til leiðir fyrir almenning til að koma skoðunum sínum á framfæri, það verður að tryggja að völdugir hagsmunaaðilar geti ekki þvingað ríkisvald til að fara að vilja sínum og það verður að sjá til þess að fjáðir eða völdugir aðilar hafi ekki óeðlileg áhrif á skoðanir almennings. Þetta er ekki tæmandi lýsing á skilyrðum fyrir pólitískum jöfnuði en þessi atriði þurfa að vera fyrir hendi. Það virðist vera þannig að til að samfélagsskipan sé réttlát þá þurfi að vera fyrir hendi lágmarks efnahagslegur jöfnuður og pólitískur jöfnuður.

4. kafli

Heimborgarahyggja og réttlæti

Simon Caney er heimspækingur í Oxford sem hefur verið einn af mest áberandi höfundum um heimborgarahyggju á síðast áratug eða svo. Hann hefur beint athygli sinni að jöfnuði og ójöfnuði. Ég skoða eina af greinum hans.¹⁶

Það er mikil fátækt í heiminum og mikill ójöfnuður í dreifingu lífsgæða. Það hefur orðið til þess að menn hafa velt því fyrir sér hvort til sé hnattrænar meginreglur um dreifiréttlæti. Samkvæmt venju hafa menn yfirleitt talið að reglur um jöfnuð og dreifiréttlæti ættu eingöngu við innan ríkis en heimborgarahyggja í dag gengur út á að færa rök fyrir að slíkar reglur eigi við hnattrænt án tillits til landamæra.

Þrjár tegundir heimborgarahyggju

Caney dregur upp mynd af þremur tegundum heimborgarahyggju. Fyrst er lögbundin heimborgarahyggja, hún er sú skoðun að dreifiréttlæti eigi við einstaklinga hvar sem er. Næst er siðferðileg heimborgarahyggja sem kveður á um að hver einstaklingur þurfi að fá að njóta sín og ekki endilega að beygja sig undir siði og venjur eigin samfélags. Síðust er pólitísk heimborgarahyggja.

Fyrsta tegundin getur kveðið á um taumhaldsskyldur, að taka til dæmis ekki þátt í alþjóðlegri starfsemi sem er ranglát, sem skaðar hagsmuni fólks í öðrum löndum en manns eigin. Önnur tegundin segir annað hvort að hið góða líf geti falið í sér að tileinka sér siði og venjur annarra samfélaga eða eigi að fela í sér að hver og einn tileinki sér siði og venjur annarra samfélaga. Þriðja tegundin felst í þeirri skoðun að alþjóðastofnanir séu nauðsynlegar og hún getur komið fram í

¹⁶ Caney (2009) bls. 387-407..

ýmsum myndum, til dæmis að það þurfi að hafa margþætt stjórnkerfi með alþjóðastofnunum og ríkisstofnunum og svo minni stofnunum undir hverju ríki.

Þessar þrjár tegundir heimsborgarahyggju geta ýmist verið mildar eða róttækar. Til dæmis segir milda gerðin af lögbundinni heimsborgarahyggju að til séu algildar grunnreglur réttlætis en það gætu einnig verið til grunnreglur sem eiga einungis við eitt ríki. Stundum er því haldið fram að grunnreglur réttlætisins nái einungis til þeirra sem eigi einhver samskipti við eða eigi aðild að sömu stofnunum. Til eru alþjóðastofnanir sem allir eiga aðild að, þess vegna ná grunnreglur réttlætisins til allra. En það gæti líka verið að engar slíkar stofnanir væru til og þá eiga grunnreglur réttlætisins einungis við þá sem eiga aðild að sömu stofnunum og ég. En svo er það líka til að menn halda því fram að við höfum skyldur við aðra menn í krafti þess að þeir eru menn og þess vegna falli þeir undir grunnreglur réttlætisins. Þessar skyldur eru óháðar því hvort manneskjur eiga aðild að sömu stofnunum.

Húmanísk heimsborgarahyggja

Greinarmunurinn sem Caney rekur næst er lykilatriði í öllu sem hann vill halda fram. Hann fjallar um tvær kenningar um lögbundna heimsborgarahyggju, sú fyrri snýr að því hverjir hafi aðild að grunngerð alþjóðasamfélagsins og þá um leið hvort dreifiréttlæti eigi að ná til þeirra en sú seinni heldur því fram að allir eigi að vera aðilar að dreifiréttlæti, hana má kalla húmaníska. Caney skoðar röksemdir sem ganga út á að þjóðfélög séu ekki einangruð og sjálfum sér næg heldur eigi þau í umfangsmiklum viðskiptum sín í milli, samskipti af öllu tagi séu mikil og alþjóðastofnanir og samningar séu fjöldamargir. Af þessu beri að draga þá ályktun að hægt sé að tala um grunngerð alþjóðasamfélagsins og þess vegna sé hægt að halda því fram að réttlætisreglur Rawls til dæmis eigi við þá grunngerð rétt eins og þær eiga við grunngerð hvers samfélags um sig. Caney spyr tveggja spurninga um þessa ályktun. 1. Hvað þurfa samskiptin að vera mikil til að samfélögin séu ekki einangruð eða til að hægt sé að tala um grunngerð? Svarið er að það liggja ákveðinn þröskuldur því

til grundvallar en það sé ekki auðvelt að greina nákvæmlega hvar hann liggur. 2. Af hverju gilda réttlætisreglur um þá sem eru aðilar að grunngerðinni? Það er svo að þeir geti ræktað hagsmuni sína. Þetta svar gengur að því vísu að það sé mikilvægt að fólk geti sinnt hagsmunum sínum, það er siðferðilega mikilvægt. En ef það er siðferðilega mikilvægt þá virðumst við hafa siðferðilegar ástæður til að aðstoða það óháð því hvort það á aðild að sömu grunngerð og við.

Næst skoðar Caney röksemdir Thomasar Pogge fyrir dreifiréttlæti sem byggt er á aðild að grunngerð alþjóðasamfélagsins og dregur þær saman í þrjár setningar: 1. Manneskjur hafa þá taumhaldsskyldu að taka ekki þátt í ranglátum siðvenjum og stofnunum. Það stafar af því að okkur ber að baka öðrum ekki tjón. 2. Tjón er skaðleg áhrif á mannréttindi sem er fyrirsjáanlegt, mögulegt er að komast hjá því og þeir sem styðja samfélagsstofnanir vita að hægt er að skipuleggja þær þannig að þær hafa ekki slæmar afleiðingar. 3. Við lifum á tímum alþjóðastofnana sem geta haft mikil áhrif á hagsmuni fólks og réttindi. Ýmsar alþjóðlegar siðvenjur geta valdið ómældum skaða.¹⁷ Niðurstaða rökfærslunnar er að manneskjur hafa taumhaldsskyldu til að styðja ekki alþjóðlega skipan sem skaðar mannréttindi og skaðinn er fyrirsjáanlegur og hægt að forðast hann.

Vandinn við kenningu Pogges er að það er fleira sem veldur fátækt en alþjóðleg skipan: Stefna stjórnmalastéttar í einu landi og landfræðilegar aðstæður geta verið ástæður fyrir fátækt í samfélagi.

Caney fjallar um seinni kenninguna um lögbundna heimsborgarahyggju sem snýst um að dreifiréttlæti nái til og eigi við alla, þetta er húmanísk heimsborgarahyggja. Rökin fyrir þessari tegund af heimsborgarahyggju eru fyrst og fremst þau að siðferðileg hending á ekki að stjórna því hvernig fólki farnast í lífinu: þjóðerni, kynferði og trú ráðast af hendingu rétt eins og stétt. Réttlæti krefst þess að hagsmunir hvers og eins fái að njóta sín innan þeirra marka sem hagsmunir annarra setja. Þessi röksemd virðist hafa þá afleiðingu að aðild að grunngerð samfélags eða að grunngerð alþjóðasamfélags stjórnast líka af hendingu. Ef fæðingarstaður manns er hending þá er það einnig

¹⁷ Caney (2009) bls. 393.

hending inní hvaða grunngerð alþjóðasamfélagsins maður er fæddur. Því virðist húmaníska kenningin vera í andstöðu við fyrri lögbundnu kenninguna um aðild þar sem samkvæmt henni á dreifiréttlæti að ná til allra á þeim grundvelli að þeir eru manneskjur.

Caney skoðar nú andmæli við hina húmanísku kenningu frá David Miller. Miller gerir greinarmun á siðferðilegri hendingu sem forsendu rökfærslu og sem niðurstöðu. Í fyrra tilvikinu þá merkir siðferðileg hending að manneskjur geti ekki borið ábyrgð á einhverjum tilteknum eiginleika. Í síðara tilvikinu merkir siðferðileg hending að fólk á ekki að koma fram við eða meðhöndla aðra með ólíkum hætti á grundvelli þessa eiginleika.

Rökfærsla A

Forsenda 1: Þjóðerni er eiginleiki sem manneskja getur ekki borið ábyrgð á.

Forsenda 2: Ef manneskja ber ekki ábyrgð á tilteknum eiginleika sínum þá er rangt að fara í manngreinarálit á grundvelli hans.

Niðurstaða: Það er rangt að fara í manngreinarálit á grundvelli þjóðernis.

Vandinn við þessa rökfærslu er sá að forsenda 2 virðist vera röng. Ef manneskja er í neyð sem er ekki af hennar völdum og hún ber þar af leiðandi ekki ábyrgð á þá á að gera meira fyrir hana en aðra? Því setur Caney fram nýja rökfærslu.

Rökfærsla B

Forsenda 1: Þjóðerni er eiginleiki sem manneskja getur ekki borið ábyrgð á.

Forsenda 2: Ef manneskja ber ekki ábyrgð á tilteknum eiginleika sínum þá er rangt að hún eigi öðruvísi tilkall til gæða en aðrir.

Niðurstaða: Það er rangt að manneskja eigi öðruvísi tilkall til gæða en aðrir á grundvelli þjóðernis.¹⁸

Þessi framsetning á rökfærslunni kemst fram hjá þeim vanda sem Miller dregur fram um siðferðilega hendingu. Það er einnig hægt að halda því fram að fólk beri ekki ábyrgð á þjóðerni sínu á þeirri forsendu að þjóðernið samsvarar ekki neinum siðferðilegum eiginleika. Siðferðilegir eiginleikar geta verið iðni, hæfileikar, mikilvægi verkefnis og þeir geta verið ástæður þess að fólk gerir kröfu um aðgang að meiri gæðum á meðan þjóðernið eitt og sér er ekki ástæða til þess þar sem það er ekki siðferðilegur eiginleiki.

Önnur andmæli gegn húmanísku heimsborgarahyggjunni hafa verið að við getum ekki haft skyldur við fólk sem er í engu sambandi við okkur eða samskiptum. En sé fólk í neyð þá virðist það eiga skilið að því sé hjálpað sé þess nokkur kostur. Það er siðferðilegt aukaatriði hvort það er í samskiptum við okkur eða viðskiptum.

Samskipti og viðskipti fólks í ólíkum heimshornum geta hins vegar haft áhrif á innihald réttlætiskrafna, á gerð þeirra skyldna sem fólk hefur og á siðferðilegan þunga í réttlætiskröfunum. Aukin samskipti og viðskipti gætu leitt til þess að fólk á meiri kröfu á hjálp en ella. Við gætum haft verknaðarskyldur til að stuðla að réttlátari veröld óháð því hvort viðskipti eru mikil eða lítil eða samskipti. Aukin samskipti gætu líka haft áhrif á það hversu brýnar siðferðilega skyldur eru.

Að lokum rekur Caney þrenn andmæli við réttlæti heimsborgarans.

1. Ef samfélag hefur eigin stjórn þá á það að taka ákvarðanir um eigin hag og ber ábyrgð á þeim. Ef eitt samfélag samþykkir stefnu sem hefur í för með sér betri hag en annað sambærilegt samfélag gerir þá er það ranglátt að dreifa gæðum úr því samfélagi sem nýtur betri hags til hins sem er í verri aðstöðu og af þessu leiðir að heimsborgarahyggja stenst ekki. Við höfum engar algildar skyldur. Andsvar við þessu er á þá leið að heimsborgarahyggja þarf ekki að kveða á um svo

¹⁸ Caney (2009) bls. 395-396.

strangan jöfnuð heldur dreifireglu svipaða og hjá Rawls, að munur megi vera á kjörum manna svo framarlega sem það kemur hinum verst settu til góða, það virðist ekki réttlátt að tveir einstaklingar sem ekki hafa haft nein áhrif á stefnumótunina séu í ólíkri efnahagslegri stöðu.

2. Við höfum ríkari skyldur við þá sem standa okkur næst en við aðra. Þess vegna höfum við ríkari skyldur við samborgara okkar en borgara í öðrum ríkjum. Heimborgarahyggja gerir ekki þennan greinarmun og virðist ekki geta gert hann og þess vegna fellur hún um sjálfa sig. Andsvör Caney eru á þá leið að það er hægt að viðurkenna skyldur við aðra af sama þjóðerni innan þeirra marka sem algild lögmál segja; maður getur sem meðlimur ríkis haft sérstakar skyldur til að stuðla að og tryggja heimsborgaraleg réttindi samborgara sinna og um leið almenna skyldu til brjóta ekki á öðrum og vernda heimsborgaraleg réttindi allra.
3. Allar grunnreglur dreifiréttlætis eiga sér stað í ríkiskerfum sem þvinga innan tiltekinna landamæra og þess vegna hljóta þær að eiga einungis við undir tilteknu ríkisvaldi. Þessu svarar Caney því að hin alþjóðlega skipan byggir á þvingun, landamæri eru þvingun gegn ferðafrelsi aukinheldur eru engin tengsl á milli kröfunnar um réttlætingu á þvingun gagnvart þeim sem eru sjálfráða og tilkalls til jafnaðar. Þvingun gerir kröfu um lögmæta málsmeðferð en ekki réttlátan jöfnuð.

Jöfnuður

Það er margt athyglisvert í þeim skoðunum sem Caney setur fram. Hann er eindregið þeirrar skoðunar að jöfnuður liggi að baki kröfum um réttlæti í efnahagsskipulagi heimsins eins og sjá má af niðurstöðum hans. Hann er til dæmis ekki reiðubúinn að fallast á að mismunur á kjörum fólks í ólíkum löndum geti átt sér lögmætar ástæður og orsakir. Greining hans á þeim siðferðilegu eiginleikum sem liggja mögulega að baki því að fólk í ólíkum löndum búi við ólík kjör virðist ekki gera ráð fyrir að slíkur munur geti verið eðlilegur, það er næstum eins og sjálfgefin forsenda að kjörin hljóti að vera þau sömu ef öll siðferðileg skilyrði séu uppfyllt. En það er ósennilegt svo að

ekki sé sterkar að orði kveðið. Ef samfélag tekur ákvarðanir sem uppfylla eðlilegar kröfur um málsmeðferð og eru ekki ósanngjarnar og þær ákvarðanir hafa svo þá afleiðingu að kjör í því samfélagi verða önnur en í samfélagi sem tók aðrar ákvarðanir sem uppfylltu einnig kröfur um málsmeðferð og sanngirni þá virðist engin ástæða til að líta svo á að slíkur munur sé ranglátur. Í reynd gæti Caney fallist á að munur á samfélögum geti verið réttlætanlegur að því marki sem réttlætisreglur Rawls kveða á um: Komi ójöfnuðurinn þeim verst settu til góða er hann réttlætanlegur.

Það er villandi að líta svo á að þjóðerni geti verið orsakavaldur í þessu efni. Það er ekki þjóðernið sem er orsakavaldur heldur stjórn samfélagsins. Auðvitað er það svo að sé sú stjórn spillt og geri ekkert annað en að hlaða undir sjálfa sig og stela af almenningi þá skapar hún ranglæti. En það er ekki vegna þess að hún sé tiltekinnar þjóðar heldur er það vegna þess að hún er spillt. Það er svo réttmæt ábending að við slíkar kringumstæður er heimsborgurum nokkur vandi á höndum.

Caney vill gera greinarmun á jöfnuði og málsmeðferð og er þá hugmyndin sú að málsmeðferð geti ekki verið hluti af jöfnuðinum. Þetta virðist mér vera rangt. Jöfnuður er fjölbreytilegra hugtak en svo að Caney geti ákvarðað að hann eigi einungis við sömu efnahagslegu kjör. Höfundar geta ekki ákveðið að jöfnuður sé fyrst og fremst slíkur jöfnuður eða einungis slíkur jöfnuður. Í þróuðum sem vanþróuðum samfélögum er ævinlega að finna stjórnmalakerfi og hagkerfi í öllum regnbogans litum. Jöfnuður hlýtur að taka mið af þessari staðreynd og þess vegna hlýtur jöfnuður bæði að vera efnahagslegur og félagslegur. Mér virðist dæmi Mandles sannfærandi um að ólíkur hagur sem stafar af lögmætum ákvörðunum manns sjálfs og annarra leiði ekki til ranglætis að því gefnu að samfélagið uppfylli grunnþarfir þegna sinna.

5. kafli Samantekt og niðurstöður

Í þessari ritgerð hef ég rakið heimsborgarahyggjuna út frá sögulegu sjónarmiði og byrjað á Sókratesi og Díógenes hundingja sem voru uppi í Aþenu á fjórðu öld fyrir Krist. Stóumenn voru áhrifamestir í fornöld af þeim sem héldu fram sjónarmiðum heimsborgarahyggjunnar en það er ekki ljóst á hverju þeir byggðu þá skoðun enda eru fæst af ritum þeirra til og mörg af þeim sem eru aðgengileg nú á dögum virðast vera sjálfshjálparbækur fremur en fræðileg rit. En þó er ljóst að sjónarmið Stóumanna var að skynsemin væri helsta ástæða þess að líta svo á að allir væru þegnar í skipan heimsins. Á átjándu öldinni, öld upplýsingarinnar, náðu þessar hugmyndir aftur fótfestu og mótuðu sjónarmið margra þeirra sem þá skrifuðu og hugsuðu en nokkur aðdragandi hafði verið að því í verkum þeirra sem héldu fram náttúrurétti, rétti sem hver og einn hefði óháð siðvenjum og lögum í eigin samfélagi og óháð vilja Guðs jafnvel og einungis í krafti þess að hann var viti gædd mannvera. Í raun má segja að frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari 1945 hafi grunnhugmyndum heimsborgarahyggjunnar vaxið fiskur um hrygg og alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu Þjóðirnar og Alþjóða glæpadómstóllinn eru afsprengi hennar.

Innan heimsborgarahyggju eru margar mismunandi hugmyndir og þær eru misróttækar. Í siðferðilegri heimsborgarahyggju er tekist á um skyldurnar sem við höfum gagnvart öðrum mönnum og hversu ríkar þær eru. Peter Singer telur t.d. að skylda manna til að hjálpa öðrum í neyð sé ófrávíkjanleg og jafngild í öllum tilvikum, þ.e.a.s. hún er ekki misrík eftir nálægð eða ríkisfangi og ekki heldur eftir fjölskyldutengslum. Aðrir eru með mildari afstöðu til þessara skyldna og viðurkenna að þó að skylda sé til staðar um að hjálpa fólki í neyð geti hún verið ríkari meðal fjölskyldumeðlima og samborgara. Í pólitískri heimsborgarahyggju er tekist á um heimsskipanina og deilt um hvort jarðarbúar ættu að lúta einni heimsstjórn á meðan aðrir leggja meiri áherslu á

stofnanir með hnattræna lögsögu. Hagfræðileg heimsborgarahyggja snýst svo um hinn frjálsa markað og hvernig áhrif hnattræns opins markaðar hefur áhrif á hag manna.

Fátækt og misskipting gæða meðal jarðarbúa er svo uppspretta margvíslegra rökræðna um dreifingu gæðanna. Í köflum 2 og 3 ræði ég greinar eftir John Mandle og Simon Caney sem hafa ólíka sýn á hvernig réttlæta skal dreifingu gæða milli manna. Hjá Mandle eru tvær réttlætisskyldur mikilvægastar; virðing lágmarksmannréttinda og að enginn sé þvingaður undir vilja og ákvarðanir annarra. Krafa Mandle um virðingu lágmarksmannréttinda er víðtæk, menn skulu hafa aðgang að nægum mat og húsaskjól og að viðunandi heilbrigðisþjónustu. Það er ljóst að þessi virðing er ekki til staðar fyrir alla menn í dag og þyrfti miklar breytingar til að þessum lágmarksskilyrðum yrði náð. En ef þessar tvær megin skyldur væru virtar þá væri samfélag manna réttlátt því ójöfnuður í sjálfum sér er ekki dæmi um óréttlæti. Pólitískur jöfnuður er ekki eins og jöfnuður efnahagslegra gæða. Jöfnuður efnahagslegra gæða nær eingöngu til þessara lágmarksskilyrða. Pólitískur jöfnuður verður hins vegar að vera innbyggður í stjórnkerfið allt og stofnanir þess, það segir Mandle að sé afleiðing kröfunnar um bann við þvingun. Ef stjórnkerfi t.d. leyfir meirihlutanum að þvinga sínum vilja yfir á minnihlutann er það brot á þessari reglu, því verða opinberar ákvarðanir að uppfylla það skilyrði að allar sanngjarnar og skynsamur manneskjur gætu samþykkt þær fengju þær tækifæri til þess.

Simon Caney færir rök fyrir húmanískri heimsborgarahyggju þar sem aðalatriðið er að sú staðreynd að vera manneskja færir viðkomandi siðferðilega hlutdeild í dreifiréttlæti í þeim skilningi sem hann leggur í það hugtak. Caney stillir þessari afstöðu sinni upp gegn pólitískri heimsborgarahyggju þar sem aðaláherslan er lögð á ferlið sem alþjóðlegar stofnanir fari eftir sé réttlátt sem hann telur að tryggi ekki nægilega réttindi allra þar sem að dreifiréttlætið í þeim kenningum nái eingöngu til þeirra sem heyri undir slíkar stofnanir. Caney vill binda kenningu sína við manngildið þar sem svið kenningarinnar nær þá til allra óháð stofnunum. Siðferðileg hending á ekki að stjórna því hvernig fólki reidir af, dæmi um siðferðilega hendingu eru þjóðerni, kynferði, stétt, trú og ríkisfang. Hér virðis krafa Caney um jöfnuð vera of rík, hann getur til dæmis ekki fallist

á að mismunur á sé á efnahagslegum aðstæðum fólks í mismunandi löndum. Aukinheldur er jafnaðarhugtak Caneys eingöngu bundið við efnahagsleg kjör en það virðist mér vera of þröngt skilgreint.

Áhugaverðustu snertifletir umræðu um heimsborgarahyggju þykja mér snúa að hugtökunum um réttlæti og jöfnuð en hugtökin skyldur og réttindi eru aldrei langt undan. Fyrstu vísarnar að heimsborgarahyggju eins og þeir koma fram hjá Díógenesi hundingja virðast aðallega hafa snúist um það að sleppa undan skyldum sínum sem þegn í borgríki með því að vísa í að hann bæri eingöngu skyldur til hins skipulega heims (cosmos). En með undanbrögðum sínum vísaði Díógenes einnig til þess að allir menn hefðu ákveðnar skyldur gagnvart öðrum mönnum óháð því hvaða ríki þeir tilheyrðu. Og ef menn hafa skyldur ættu þeir einnig að hafa réttindi.

Caney og Mandle fjalla um dreifingu gæða og til að réttlæta slíka dreifingu þurfa þeir að hafa skýrar hugmyndir um hvað jöfnuður er. Caney virðist mér ekki hafa gætt að því að mismunur í kjörum fólks þarf ekki að vera dæmi um óréttlátan ójöfnuð ef forsendurnar fyrir mismuninum séu réttlát og sanngjörn málsmeðferð ákvarðanatökunnar sem leiddi til ástandsins. Krafa Mandle er að ákveðin lágmarksskilyrði verði að vera uppfyllt, að fólk geti haft í sig og á og hafi aðgang að grundvallarmenntun og lágmarks heilbrigðisþjónustu en jöfnuður umfram það sé ekki nauðsynlegur og kunní að vera óréttlátur. Þessi krafa Mandle byggir á því að gæðin í heiminum duga til að uppfylla þessi lágmarksskilyrði en þau eru hins vegar langt frá því að vera uppfyllt fyrir alla þegna heimsins í dag. Mandle gæti því samþykkt að þar sem þessum skilyrðum er ekki náð er skipan mála óréttlát og auðugri þegnar og ríki heimsins hafi brugðist skyldum sínum. En hann lendir ekki í sömu vandræðum og Caney með hugtakið réttlátur ójöfnuður.

Heimildir

- Caney, S. (2009) Cosmopolitanism and justice. Í Christiano and Christman, 387-407.
- Christiano, T. og Christman, J. (ritstjórar) (2009) *Contemporary debates in political philosophy* (Chichester: Wiley-Blackwell).
- Hobbes, T (1651/1968) *Leviathan* (Harmondsworth: Penguin).
- Kant, I. (1785/2003) *Grundvöllur að frumspæki siðlegrar breytni* (Þýðandi Guðmundur Heiðar Frímansson) (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag).
- Kant, I. (1970) Perpetual peace: A philosophical sketch. Í H. Reiss (ritstjóri) *Kant's political writings* (Cambridge: Cambridge University Press).
- Kleingeld, P. og Brown, E. (2006) Cosmopolitanism. Í *Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Slóð: <http://plato.stanford.edu/entries/cosmopolitanism/> Sótt 20.6. 2010.
- Locke J. (1698/1986) *Ritgerð um ríkisvald* (Þýðandi Atli Harðarson) (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag).
- Mandle, J. (2009) Distributive justice at home and abroad. Í Christiano and Christman, 408-422.
- Mill, J. S. (1861/1998) *Nytjastefnan* (Þýðandi Gunnar Ragnarsson) (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag).
- Platón (1973) *Síðustu dagar Sókratesar* (Þýðendur Sigurður Nordal og Þorsteinn Gylfason) (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag).
- Rawls, J. (1999) *The law of peoples* (Cambridge: Harvard University Press).
- Rawls, J. (1972) *A theory of justice* (Oxford: Oxford University Press).
- Rousseau, J. J. (1762/2004) *Samfélagssáttmálinn* (Þýðendur Björn Þorsteinsson og Már Jónsson) (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag).